

Ágrip Víkurskóla

Víkurskóli hóf starfsemi sína 1. ágúst 2020 og er nýr grunnskóli í norðanverðum Grafarvogi.

Víkurskóli er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk sem búa í Borga-, Engja-, Staðar- og Víkurhverfi.

Nemendafjöldi skólaárið 2022-2023 er áætlaður um 228.

Víkurskóli er nýsköpunarskóli sem hefur skapandi hugsun að leiðarljósi. Nýsköpun er lykillinn að nýjum lausnum, bættu verklagi og lausn flókinna viðfangsefna. Nýsköpunarskóli byggir undir þessa hæfni í kennsluaðferðum og nálgun viðfangsefna. Nemendur græða mest á því að gera, upplifa, ígrunda og ræða. Því er í Víkurskóla lögð áhersla á samþættingu og teymiskennslu. Með teymiskennslu er lögð áhersla á að auka samstarf kennara, bæði innan árgangs og milli árganga. Hugsunin er einnig að kennurum gefist kostur á að nýta sína hæfileika og styrkleika betur í samvinnu við samstarfsfólk.

Í vetur leggjum við áherslu á samþættingu námsgreina og köllum við það uglur sem eru kenndar í 8., 9. og 10. bekk þar sem árganginum er blandað saman og unnið að samþættingarverkefnum, í 9. og 10. bekk er samþætt í íslensku, ensku, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt og í 8. bekk er náttúrufræði inni í uglum, í stað ensku.

Í vetur ætlum við að leggja sérstaka áherslu á að vinna að viðmiðum um góða kennsluhætti ásamt kennarahópnum, efla umhverfisvitund og styrkja kennara í aga- og bekkjarstjórnun, nýta þau verkfæri sem gefast við að bæta líðan nemenda og gera skólabraginn sem bestan. Aðferðafræði um leiðsagnarnám verður áfram alls ráðandi í Víkurskóla. Í faglegu skólastarfi er mikilvægt að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, kynna sér nýjungar, prófa sig áfram og þróa starfskenningar. Markmiðið er að efla og styrkja starfsfólk og nemendur Víkurskóla svo vegferð allra innan skólans verði ánægjuleg og árangursrík.

Til þess að skólinn geti verið árangursríkt lærdómssamfélag verður menning skólans að einkennast af skipulagi sem styður við stöðugt nám starfsmanna. Mikilvægt er að styrkja kennara og laða að skólanum kennara sem hafa til að bera sjálfstraust og vilja til takast á við krefjandi verkefni. Möguleiki stofnunar til að læra ræðst af menningunni sem ríkir í stofnuninni. Því er mikilvægt að leggja mikla áherslu á jákvæðan og faglegan skólabrag. Víkurskóli er virkur í erlendu samstarfi og er núna í vetur í þremur Erasmus+ verkefnum. Verkefni STEAM og Let me be your tour guide eru verkefni með nemendum og í vetur ljúkum við verkefninu Let us bring our heritage together sem fjórir kennarar og einn stjórnandi hefur tekið þátt í.

Félagsmiðstöðin Vígyn er starfrækt í Víkurskóla og er samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar mikið og gott, enda hefur það sýnt sig að þegar allir vinna saman að velferð unglínganna næst bestur árangur. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á samstarf skólans, félagsmiðstöðvarinnar og heimilanna.

Á síðasta skólaári hlaut Víkurskóli Regnbogavottun Reykjavíkurborgar og erum við mjög stolt af því.

Skólaárið 2022-2023 verður haldið áfram að vinna að stefnumótun skólans með starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Þuríður Óttarsdóttir

skólastjóri Víkurskóla